

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 9. júlí 2024
UST202403-380/H.G.
08.04

Efni: Tillaga að breytingu á starfsleyfi Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. kt. 531278-0469 (Hér eftir Kalka) þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða breytingu á starfsemi stöðvarinnar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Kalka er með starfsleyfi frá 21. september 2016 fyrir meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinna sem gildir til 21. september 2032.

Í erindinu er sótt um breytingu á 4. og 5. tl. 1. mgr. í gr. 1.2 í starfsleyfi rekstraraðila þar sem heimild er veitt til brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum úrgangi og 1000 tonnum af spilliefnum á ári. Óskað er eftir að auka heimildina upp í 600 tonn af sóttmenguðum úrgangi og 1200 tonn af spilliefnum á ári. Fram kemur að hvorki sé verið að auka heildarmagn úrgangs sem kemur til brennslu í stöðinni né reisa ný mannvirki. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 7. júní sl. þar sem stofnunin taldi að augin brennsla á sóttmenguðum úrgangi og spilliefnum kalli ekki á málsmeðferð á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Stofnunin áformar því að breyta gr. 1.2 í starfsleyfi Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. að undangenginni auglýsingu.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi Kólku:

- Í stað „400 tonn“ í 4. tl. kemur: „600 tonn“
- Í stað „1000 tonn“ í 5. tl. kemur „1200 tonn“

Ákvörðunin mun nú vera auglýst í fjórar vikur eða til og með 6. ágúst 2024. Að því loknu mun Umhverfisstofnun taka ákvörðun um breytinguna á starfsleyfi Kólku.

Tilkynning um fyrirhugaða breytingu á starfsemi

sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

1. Upplýsingar um rekstraraðila:

Rekstraraðili/starfsleyfishafi: Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Kennitala rekstraraðila: 531278-0469
Heimilisfang: Berghólabraut 7. 230 Reykjanesbæ
Starfsemi: Móttöku-, flokkuna- og brennslustöð
Heimilisfang starfstöðvar: Berghólabraut 7. 230 Reykjanesbæ
Útgáfudagur starfsleyfis: 18 janúar 2021
Starfsleyfi rennur út: 21 september 2032.
Tengiliður (nafn og sími): Ingbór Karlsson. 862 3505 / ingtor@kalka.is
Annað:

2. Upplýsingar um starfsemi:

Greinargerð um breytingu á starfsemi:

Núgildandi starfsleyfi heimilar brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum úrgangi og 1000 tonnum af spilliefnum.

Undanfarin ár hefur verið stöðug aukning á magni þessa úrgangs og komið er að leyfilegum mörkum í starfleyfi fyrirtækisins.

Það er skilningur stjórnenda í Kölkú að önnur úrræði fyrir þennan úrgang séu ekki í boði á Íslandi og því höfum við litið á það sem samfélagslegt ábyrgðarhlutverk fyrirtækisins að sinna þessari brennslu.

Breytingar á umfangi:

Óskað er eftir bráðabirgðaheimild, í að a.m.k. 5 ár, til aukningar á brennslu á sóttmenguðum úrgangi úr 400 tonn á ári í 600 tonn á ári og aukningar á brennslu af spilliefnum úr 1000 tonnum á ári í 1200 tonn á ári.

Breytingar á starfsháttum/tækni:

Nei. Á ekki við.

Breytingar á staðháttum/staðsetningu:

Nei. Á ekki við.

Breytingar á efnanotkun:

Búast má við aukinni notkun basískra íblöndunarefna og virkra kola.

Breytingar á losun:

Ekki er gert ráð fyrir að marktækar breytingar verði í losun og gildandi losunarmörk í núgildandi starfsleyfi verði virt.

Breytingar á úrgangsméðhöndlun/endurnýtingu:

Nei. Á ekki við.

Breytingar á vöktun:

Nei. Á ekki við.

Breytingar á skipulagsáætlunum sem hafa áhrif á starfsemina:

Nei. Á ekki við.

Er breytingin á starfseminni (framkvæmdinni) matsskyld eða tilkynningarskyld sbr. lög nr. 111/2021 umhverfismat framkvæmda og áætlana?¹

Okkar mat er að um minniháttar breytingu á brennslufni sé að ræða sem ætti ekki að hafa umtalsverð áhrif á útblástur frá fyrirtækinu.

Breytingar vegna nýrra krafna sbr. BAT (bestu aðgengilegu tækni):

Nei. Á ekki við.

¹ Nauðsynlegt getur verið að senda fyrirspurn á Skipulagsstofnun, skipulag@skipulag.is.

Eru skilyrði í starfsleyfi sem rekstraraðili telur að þurfi að breyta? Ef svo er hvaða skilyrði er óskað eftir að breyta?

Nei. Á ekki við. Óskað er eftir bráðabirgðaheimild.

Annað:

3. Endurskoðun starfsleyfis:

Þegar tilkynning rekstraraðila með gilt starfsleyfi um fyrirhugaða breytingu á starfsemi berst Umhverfisstofnun mun stofnunin meta:

1. hvort breytingin rúmist innan starfsleyfis
2. eða hvort breytingin kalli á breytingu á starfsleyfisskilyrðum

Gjaldtaka fer eftir 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar.

Rekstraraðili staðfestir að upplýsingar í tilkynningu um fyrirhugaða breytta starfsemi séu réttar og gefnar eftir bestu vitund. Athuga ber að tilkynningin veitir ekki heimild til að breyta starfseminni eins og hún hefur verið tilkynnt, heldur verður að bíða niðurstöðu Umhverfisstofnunar um hvort breytingin rúmist innan starfsleyfis eða hvort breytingin kalli á breytingu á starfsleyfisskilyrðum.

Við endurskoðun starfsleyfis getur Umhverfisstofnun óskað eftir öllum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin. Rekstraraðila verður tilkynnt um niðurstöðu Umhverfisstofnunar.

Reykjanesbæ 20 mars 2024

Ingþór Karlsson 240163-5869

Kalka
sorpeyðingarstöð sf
Ingþór Karlsson

Staður og dags.

Undirritun fyrirsvarsmanns rekstraraðila (nafn og kt.)